



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJANESS

D Ó M U R

20. nóvember 2018

Mál nr. S-218/2017:

Ákærandi: Héraðssaksóknari
(*Kristín Ingileifsdóttir aðstoðarsaksóknari*)

Ákærði: X
(*Sigmundur Hannesson lögmaður*)

Dómari: Jón Höskuldsson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 20. nóvember 2018 í máli nr. S-218/2017:

Ákærvaldið

(Kristín Ingileifsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Sigmundur Hannesson lögmaður)

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. október síðastliðinn, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 14. júní 2017, á hendur X, kt. [...], [...], [...], „fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum:

A

Fyrir fjárdrátt með því að hafa dregið [...] sér í fjórum tilvikum samtals 0,010246% af krókaafhlutdeild í þorski og selt án heimildar fyrir 26.895.000 krónur auk sölulauna og færslugjalds, samtals að fjárhæð 27.123.346 krónur, í starfi sínu sem löggiltur skipasali og eigandi [...] skipasölnunnar Y ehf., kt. [...], til heimilis að [...]. Ákærði komst yfir verðmætin þegar hann hafði umsýslu með krókaafhlutdeild í eigu G. ehf., kt. [...], sem skráð var á skip í eigu V. ehf., kt. [...]. Fjármunina nýtti ákærði í eigin þágu og í þágu Y ehf., svo sem nánar verður rakið hér að neðan:

1. Með því að hafa dregið sér og selt án heimildar 0,0025404% krókaafhlutdeild í þorski til Arnarins GK-203 ehf., kt. [...], og í kjölfarið látið flytja hlutdeildina af skipinu Sjóla HF-1 yfir á skipið Guðmund á Hópi GK-203, sem var í eigu Arnarins GK-203 ehf., með umsókn til Fiskistofu dags. 30. júní 2013. Fiskistofa samþykki yfirfærsluna þann 2. júlí 2013. Kaupverðið kr. 6.400.000 auk sölulauna, samtals að fjárhæð kr. 6.520.480, var greitt af fyrirsvarsmanni Arnarins GK-203 ehf. þann 27. júní 2013 inn á reikning Y ehf. hjá Landsbankanum nr. [...]. Ákærði millifærði í kjölfarið fjármunina á milli bankareikninga Y ehf. og ráðstafaði 5.120.480 krónum í þágu rekstrar félagsins og 1.400.000 krónum inn á persónulegan bankareikning sinn nr. [...], en engir fjármunir skiluðu sér til G. ehf. eða V. ehf.

2. Með því að hafa dregið sér og selt án heimildar 0,0040863% krókaafhlutdeild í þorski til Þ ehf., kt. [...], og í kjölfarið látið flytja hlutdeildina af skipinu Ingunni SH-312 yfir á skipið Einar Hálfván ÍS-11, sem var í eigu Þ ehf., með umsókn til Fiskistofu dags. 1. október 2013. Á umsóknina hafði ákærði skrifað nöfn forsvarsmanna þinglýsts eiganda Ingunnar SH-312 án heimildar, þeirra A og B. Fiskistofa samþykki yfirfærsluna þann 9. október 2013. Kaupverðið samtals 10.150.000 krónur var greitt af fyrirsvarsmanni Þ ehf. inn á bankareikning Y ehf. nr. [...], í tveimur greiðslum annars vegar 8.700.000 krónur þann 16. september 2013, og hins vegar 1.450.000 krónur þann 10. október 2013. Ákærði millifærði í kjölfarið fjármunina á milli bankareikninga Y ehf. og ráðstafaði 7.740.000 krónum í þágu rekstrar félagsins, 1.810.000 krónum inn á persónulegan bankareikning sinn nr. [...], og 600.000 krónum

inn á bankareikning þáverandi eiginkonu sinnar, en engir fjármunir skiluðu sér til G. ehf. eða V. ehf.

3. Með því að hafa dregið sér og selt án heimildar 0,0029188% krókaafhlutdeild í þorski til Æ ehf., kt. [...], og í kjölfarið látið flytja hana af skipinu Sjóla HF-1 yfir á skipið Pálínu Ágústsdóttur GK-1, sem var í eigu Æ ehf., með umsókn til Fiskistofu, dags. 24. janúar 2014. Á umsóknina hafði ákærði skrifað nafn forsvarsmanns þinglýsts eiganda Ingunnar SH-312, A, án heimildar. Fiskistofa samþykki yfirfærsluna þann 28. janúar 2014. Kaupverðið 8.125.000 krónur var greitt af fyrirsvarsmanni Æ ehf. inn á reikning Y ehf. hjá Landsbankanum nr. [...], samhliða greiðslu fyrir leigu á krókaafلامarki sbr. 1. tl. B liðar ákæru, samtals að fjárhæð 9.000.000 króna. Kaupverðið skv. 3. tl. A liðar ákæru og 1. tl. B liðar ákæru, auk sölulauna og færslugjalds, samtals 9.062.875 krónur, var greitt í tveimur greiðslum inn á bankareikning Y ehf. nr. [...] annars vegar 5.437.085 krónur þann 6. desember 2013, og hins vegar 3.625.790 þann 24. janúar 2014. Ákærði millifærði í kjölfarið fjármununum [sic.] á milli bankareikninga Y ehf. og ráðstafaði 7.312.875 krónum í þágu rekstrar félagsins og 1.750.000 krónum inn á persónulegan bankareikning sinn nr. [...], en engir fjármunir skiluðu sér til G. ehf. eða V. ehf.

4. Með því að hafa dregið sér og selt án heimildar 0,0007005% krókaafhlutdeild í þorski til Tuma litla ehf., kt. [...], og í kjölfarið látið flytja hana af skipinu Ingunni SH-312 yfir á skipið Tuma litla HF-99 með umsókn til Fiskistofu, dags. 20. febrúar 2014. Á umsóknina hafði ákærði skrifað nafn forsvarsmanns þinglýsts eiganda Ingunnar SH-312, A, án heimildar. Yfirfærslan var samþykkt af Fiskistofu 24. febrúar 2014. Kaupverðið kr. 2.220.000 auk þjónustulauna og færslugjalds, samtals kr. 2.264.991, var greitt þann 18. febrúar 2014, af C fyrir hönd C2 ehf., inn á bankareikning Y ehf. nr. [...]. Ákærði millifærði í kjölfarið fjármunina á milli bankareikninga Y ehf. og ráðstafaði 1.274.991 krónum í þágu rekstrar félagsins og 990.000 krónum inn á persónulegan bankareikning sinn nr. [...], en engir fjármunir skiluðu sér til G. ehf. eða V. ehf.

B

Fyrir fjárdrátt og til vara umboðssvik með því að hafa misnotað sér aðstöðu sína sem löggiltur skipasali og eigandi skipasölunnar Y ehf. þegar hann í þremur tilvikum leigði án heimildar samtals 7000 kg af krókaafلامarki og dró að sér endurgjald leigunnar samtals að fjárhæð 1.225.000 krónur, auk sölulauna og færslugjalds, samtals að fjárhæð 1.234.789 krónur, þegar hann hafði umsýslu með krókaafلامarki í eigu G. ehf., sem skráð var á skip í eigu V. ehf. Ákærði nýtti endurgjaldið í eigin þágu og í þágu Y ehf. líkt og nánar verður rakið hér á eftir:

1. Með því að hafa leigt í tveimur tilvikum án heimildar samtals 5000 kg af krókaafلامarki í þorski til Æ ehf., kt. [...], og í kjölfarið látið flytja krókaafلامarkið af skipinu Ingunni SH-312 yfir á skipið Pálínu Ágústsdóttur GK-1, sem var í eigu Æ ehf., með tilkynningum til Fiskistofu, dags. 10. desember 2013. Á tilkynningarnar hafði ákærði skrifað nafn forsvarsmanns þinglýsts eiganda Ingunnar SH-312, A, án heimildar. Yfirfærslurnar voru staðfestar af Fiskistofu með bréfum dagsettum 10. janúar og 28. janúar 2014. Kaupverðið samtals 875.000 krónur var greitt af

fyrirsvarsmanni Æ ehf. inn á bankareikning Y ehf. nr. [...], samhliða greiðslu fyrir kaup á krókaafhlutdeild sbr. tilvik A-3 í ákæru, með tveimur greiðslum dagsettum 6. desember 2013 og 24. janúar 2014. Ekkert endurgjald skilaði sér til G. ehf. eða V. ehf. Hvað varðar ráðstöfun andvirðisins þá er vísað til 3. tl. A liðar ákæru.

2. Með því að hafa leigt Ö slf., kt. [...], 2000 kg af krókaafلامarki í þorski án heimildar og í kjölfarið látið flytja krókaafلامarkið af Ingunni SH-312 yfir á Dadda HF-43 með tilkynningu til Fiskistofu, dags. 28. febrúar 2014. Á umsóknina hafði ákærði skrifað nafn forsvarsmanns þinglýsts eiganda Ingunnar SH-312, A, án heimildar. Yfirfærslan var staðfest af Fiskistofu með bréfi dagsettu 4. mars 2014. Kaupverðið 350.000 krónur auk sölulauna og færslugjalds, samtals 359.789 krónur, var greitt þann 28. febrúar 2014 af fyrirsvarsmanni Ö slf. inn á bankareikning Y ehf. nr. [...]. Ekkert endurgjald skilaði sér til G. ehf. eða V. ehf. Af bankareikningi Y ehf. ráðstafaði ákærði [...] andvirðinu í þágu rekstrar félagsins.

Framangreind háttsemi samkvæmt A lið ákæru telst aðallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Framangreind háttsemi samkvæmt B lið ákæru telst aðallega varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 249. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Kröfur ákærða:

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þess er krafist að fangelsisrefsing, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin. Verjandi ákærða krefst þóknunar sem greidd verði úr ríkissjóði.

Í þinghaldi í málinu 29. september 2017 krafðist ákærði þess að málinu yrði vísað frá dómi og að allur sakarkostnaður yrði lagður á ríkissjóð, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða. Leyst var úr þeirri kröfu ákærða með úrskurði 19. janúar 2018. Var frávísunarkröfu ákærða hafnað.

Aðalmeðferð í málinu fór fram 22. mars síðastliðinn og voru skýrslur af ákærða og vitnum teknar upp í hljóði og mynd. Vegna mjög mikilla starfsanna dómara hafði ekki tekist á leggja dóm á málið 27. júlí síðastliðinn þegar áður ákveðið sumarleyfi dómara hófst. Sumarleyfi dómara lauk 20. ágúst, en endurflutningi varð ekki viðkomið fyrr en í október síðastliðnum vegna aðalmeðferða í öðrum málum í ágúst sem ákveðnar voru á liðnu vori og þá var tillaga dómara til sakflytjenda um að málið yrði endurflutt 7. september síðastliðinn ekki samþykkt af ástæðum sem varða sækjanda málsins sem óskaði eftir því með tölvupósti til dómara 5. september að endurflutningur færi fram eftir 1. október síðastliðinn. Málið var flutt munnlega og dómtekið á ný 24. október síðastliðinn.

Með bréfi 2. júlí 2014 kærði eigandi V. ehf. og fleiri félaga A, ákærða til sérstaks saksóknara fyrir ætluð auðgunarbrot. Í kærubréfinu segir að við endurskipulagningu félaga í eigu kæranda hafi komið í ljós að aflahlutdeild og aflamark sem skráð hafi verið á skip félagsins hafi ekki verið í samræmi við bókhald þess. Við nánari eftirgrennslan hafi komið í ljós að ákærði, sem sé löggiltur skipasali og hafi annast umsýslu í tengslum við útgerð félaga A, og hafi jafnframt verið tengdasonur hans, hafði flutt bæði aflamark og aflahlutdeild af skipum V. ehf. yfir á skip í eigu annarra útgerðaraðila án vitneskju eða heimildar frá A eða öðrum fyrirvarsmönnum félagsins. Segir að ákærði eigi og reki skipasöluna [...] í Hafnarfirði og á skrá sýslumanns yfir löggilta skipamiðlara sé ákærði skráður skipasali hjá Y ehf.

Í kærubréfinu segir að nafn A sé falsað á skjölum sem send hafi verið til Fiskistofu til að staðfesta beiðni um flutning aflaheimilda og aflamarks af skipum V. ehf. Þá eru rakin þau gögn og upplýsingar um flutning á aflahlutdeild og aflamarki sem kærandi gat aflað og kærandi telur fölsuð eða tengast ólögumatri ráðstöfun á þessum verðmætum. Í kærubréfinu eru einnig sérstaklega reifuð þau tilvik þar sem kærandi telur að aflahlutdeild og aflamark hafi verið flutt án heimildar.

Samkvæmt nánari upplýsingum kæranda í bréfi 3. janúar 2017 sé um það að ræða í öllum tilvikum sem kærð hafi verið að aflahlutdeild eða aflamark hafi verið flutt af skipum sem voru þinglýst eign V. ehf. og yfir á skip í eigu annars aðila. Hafi V. ehf. því verið eigandi þeirra aflaheimilda sem um ræði. Aflaheimildarnar hafi verið eignfærðar í bókhaldi systurfélags V. ehf., G. ehf., á þeim tíma sem um ræði, en hafi verið eignfærðar í bókhaldi til V. ehf. árið 2014. Það hafi verið við endurskoðun á bókhaldi félaganna sem upp komst um hina kærðu háttsemi. Félögin G. ehf. og V. ehf. séu hluti af sömu samstæðu og eignarhald þeirra það sama.

Þann 25. ágúst 2014 framkvæmdi lögregla húsleit í starfsstöð [...] skipasölu, sem er í eigu S. Á. Fimra ehf., að Bæjarhrauni 12 í Hafnarfirði, og lagði hald á bókhaldsgögn. Ákærði var á staðnum og greindi lögreglu frá því að hann vissi ekki nákvæmlega hvar þau gögn væru sem leitað var að eða hvort þau væru yfirhöfuð til, en vísaði á geymslu þar sem hann taldi að gögnin væru. Í skýrslu lögreglu um húsleitina segir að lagt hafi verið hald á nokkurt magn skjala og um það gerð sérstök haldlagningarskýrsla.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 25. ágúst og 27. nóvember 2014 og af vitnum 3. og 29. október 2014.

Skýrslur fyrir dómi:

Ákærði neitar sök. Í skýrslu hans fyrir dómi kom fram að hann væri löggiltur fasteigna- og skipasali og starfaði sem framkvæmdastjóri. Ákærði kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri og eigandi Y ehf. Ákærði sagði A vera fyrrverandi tengdaföður sinn og B fyrrverandi konu sína. Þau hefðu kynnst 1999 og gifst 2002 og eigi þrjú börn. Fjárhagsstaða Y ehf. á tímabilinu júní 2013 til mars 2014 hefði ekki verið góð, ekki frekar en persónuleg fjárhagsstaða B. Ákærði kvaðst ekki hafa komið að rekstri félaganna V. ehf. og G. ehf. Síðarnefnda félagið hefði verið eigandi þeirra krókaafhlutdeildar sem um ræði. Y hefði verið aðili að verksamningi við A sem varðaði öll félög hans og ekki skipti máli hvort um var að ræða V. eða G. ehf. eða önnur félög. Ákærði starfaði á þeim grundvelli fyrir hönd Y. Spurður um kaupsamning og afsal frá 15. júní 2013, sem sýnir að V. ehf. kaupir bátinn Sjóla HF-1 af Skarfakletti, kvaðst ákærði hafa vottað samninginn. Þinglýsing samningsins hefði dregist þar sem aflahlutdeildir á skipinu hefðu verið færðar áður, en það hefði ekki verið hægt að gera það vegna áhvílandi veðskulda. Spurður um umsókn til Fiskistofu dagsetta 30. júní 2013 um flutning á krókaafhlutdeild í þorski frá Sjóla HF yfir á Guðmund á Hópi GK-3 kvaðst ákærði kannast við skjalið og greindi frá því að A hefði tekið ákvörðunum flutninginn. Kvaðst ákærði hafa verið að vinna innan heimilda sem Y hefði til að sýsla með aflaheimildir og hefði hann og A rætt um viðskiptin.

Aðspurður kvaðst ákærði kannast við reikning frá [...], útgefinn á Örninn GK-203 ehf. að fjárhæð 6.520.480 krónur fyrir krókaafhlutdeild í þorski og sagði að andvirðinu hefði öllu verið ráðstafað inn á reikning Y, en endurgjaldið hefði ekki skilað sér til G. ehf. Spurður um umsókn til Fiskistofu frá 1. október 2013 um flutning krókaafhlutdeildar í þorski frá Ingunni SH-312 yfir á Einar Hálfðans ÍS-11 kvaðst ákærði kannast við umsóknina og sagði að A hefði vitað um umsóknina. Þá kannaðist ákærði við reikninga [...] útgefna á Þ ehf. og sagði að endurgjaldið hefði ekki skilað sér til G. ehf. Kvaðst ákærði hafa haft heimild til að láta endurgjaldið renna annað en til G. ehf. og vísaði til þess að á umræddu tímabili hefði hann haft heimild A til að selja krókaafhlutdeildina. G. ehf. hefði átt fjármunina og væntanlega stæði Y í skuld við A og ætti það uppgjör eftir að fara fram. Spurður kvaðst ákærði kannast við færslu krókaafhlutdeildar í þorski frá Sjóla HF-1 yfir á Pálínu Ágústsdóttur GK-1 í eigu Æ ehf. og kvaðst hafa haft heimild til færslunnar fyrir hönd Y. Þá staðfesti ákærði að endurgjaldið fyrir færsluna hefði runnið inn á bankareikning í eigu Y án þess að það

hefði skilað sér til G. ehf. Spurður um flutning krókaafhlutdeildar á milli Ingunnar SH-312 yfir á Tuma litla HF-99 20. febrúar 2014 bar ákærði að hann hefði gengið frá sölunni og hefði átt frumkvæði að henni, en A hefði tekið ákvörðun um söluna. Þá kvaðst ákærði hafa skrifað nafn A á umsóknina. Endurgjaldinu, 2.220.000 krónum, samkvæmt reikningi [...] útgefnum 18. febrúar 2014, var ráðstafað inn á reikning Y án þess að það skilaði sér til G. ehf.

Spurður um tilkynningu til Fiskistofu um leigu á 5.000 kg af krókaafلامarki frá Ingunni SH- 312 og yfir til Pálinu Ágústsdóttur GK-1 bar ákærði að hann hefði ákveðið leiguna fyrir hönd Y og hefði hann annast færsluna innan heimildar A sem hann hefði haft. Ákærði kvaðst ekki muna hvort hann hefði ritað nafn A undir umsóknina eða hvort A hefði gert það sjálfur. Þá kvaðst ákærði kannast við tilkynningu um leigu á 2.000 kg krókaafhlutdeildar frá Ingunni SH-312 yfir á Dadda HF-43 í eigu Ös ehf. en mundi ekki hvort hann hefði átt frumkvæði að leigunni en hún hefði verið gerð innan heimildar frá A. Sagði ákærði að andvirði leigunnar hefði verið greitt inn á reikning Y en ákærði kvaðst ekki muna hvort andvirðið hefði skilað sér til G. ehf. eða verið lagt inn á annan reikning í eigu A. Ráðstöfunin hefði verið innan heimildar sem A hefði veitt ákærða.

Spurður kvaðst ákærði staðfesta undirritun sína undir fylgiskjal með húsaleigusamningi og skýrði frá því að skjalið hefði verið útbúið vegna þess að Y ehf. hefði leigt húsnæði af Hafnarfelli ehf., félagi í eigu A, en hann hefði svo óskað eftir því að ákærði sæi fyrir hann um ýmis verkefni af því að hann væri búsettur erlendis. A hefði verið með nokkur félög þar sem væri lítil sem engin starfsemi og enginn framkvæmdastjóri eða starfsmaður. Benti ákærði á að meðal verka Y ehf., sem verktaka, fyrir félög A hefði verið að annast leigu, kaup og sölu á kvóta fyrir félög A sem verkkaupa. Heimildin hefði náð til G. ehf. sem hefði verið í eigu A.

Þá kvaðst ákærði aðspurður ekki muna hvað orðið hefði um þá fjármuni sem fóru til Y ehf., en félagið hefði verið í fjárhagserfiðleikum þar sem hann og B hefðu tekið of mikla fjármuni út úr félaginu. Að einhverjum en litlum hluta hefðu fjármunirnir verið notaðir til að greiða skuldir Y ehf. Spurður um ráðstöfun fjármuna samkvæmt yfirliti rannsakenda í málgögnum neitaði ákærði að tjá sig og svara spurningum um yfirlitið. Kvaðst ákærði hafa séð yfirlitið í gögnum málsins og ekki gera ráð fyrir öðru en að þar væri rétt með farið.

Vitnið A skýrði frá því að það væri eigandi félaganna G. og V. að fullu og öllu. Vitnið kvaðst vegna veikinda sinna hafa ákveðið í febrúar 2014 að einfalda

rekstur félaga í eigu vitnisins og bjóða til sölu veiðiheimildir sem eitt félaganna átti. Það var í mars 2014 og ákærði og fleiri buðu heimildirnar til sölu. Tilboð kom í heimildirnar frá kaupanda í Garðinum. Gengið var frá sölunni. Þá kom í ljós að heimildirnar voru ekki allar til staðar eins og vitnið hafði átt von á. Aflaheimildirnar voru allar í eigu G. ehf. en skráðar á skip í eigu V. ehf. Spurt um fylgiskjal með húsaleigusamningi kvaðst vitnið kannast við skjalið og við undirritun sína á það. Vitnið skýrði frá því að þegar ákærði hóf rekstur Y ehf. þá hefði hann fengið til afnota húsnæði á Bæjarhrauni sem væri í eigu eins af félögum vitnisins. Til að hjálpa honum af stað ákvað vitnið að fela ákærða verkefni sem til féllu og hann gæti sinnt og skyldi greiða húsaleigu að hluta til með slíkri vinnu. Y hefði þó ekki haft heimild til að ráðstafa veiðiheimildum án samþykkis vitnisins. Í skjalinu hefði ekki falist neitt umboð til að ráðstafa veiðiheimildum. Eingöngu hefði verið um að ræða vinnu eins og að gera leigusamninga og leigja út húsnæði, leigja kvóta og hugsanlega einhver önnur verk sem til féllu og ákærði gæti tekið að sér. Ráðstöfun á kvóta hefði alltaf átt að bera undir vitnið sem hefði skrifað undir öll skjöl um slíka ráðstöfun. Þá neitaði vitnið því aðspurt að það hefði veitt ákærða heimild til að skrifa nafn vitnisins undir skjöl um ráðstöfun kvóta. Vitnið kvaðst sjálf hafa heimild til að taka ákvörðun um sölu eða leigu aflaheimilda og enginn annar. Y ehf. hefði getað komið með tilboð eða leigjendur eins og aðrir en vitnið tók fram að það hefði aldrei selt aflaheimildir nema eftir að ákvörðun var tekin um það vegna veikinda vitnisins eins og áður sagði. Spurt svaraði vitnið að í þeim tilvikum sem Y hefði selt aflaheimildir hefði félaginu borið að greiða andvirði þeirra til G. ehf.

Spurt um þann framburð ákærða að endurgjaldi fyrir krókaflaheimildir og krókaafllamark, sem hefði verið selt eða leigt, hefði verið ráðstafað inn á bankareikning Y ehf. og þaðan í einhverjum tilvikum inn á persónulegan reikning ákærða, en ekkert endurgjald hefði borist til G. ehf., svaraði vitnið því að ákærði hefði alls ekki haft heimild til slíkrar ráðstöfunar. Vitnið sagði að því hefði fyrst orðið það ljóst í mars 2014 að endurgjald fyrir aflheimildir hefði ekki runnið til G. ehf.

Vitnið kvaðst aðspurt hafa skrifað undir kaupsamning og afsal 15. júní 2013 þar sem V. ehf. kaupir Sjóla HF-1 af Skarfakletti ehf. Þá kvaðst vitnið ekki hafa vitað um flutning á krókaafllahlutdeild frá Sjóla HF-1 og yfir á Guðmund á Hópi fyrr en eftir að rannsókn málsins hófst. Vitnið kvaðst eitt hafa haft heimild til að ákveða sölu krókaafllahlutdeilda í eigu G. ehf. og ekki hefði verið leitað eftir heimild vitnisins til fyrrnefndrar ráðstöfunar. Sama væri að segja um ráðstöfun krókaafllahlutdeildar milli

Ingunnar SH-312 og Einars Hálfðans Ís-11 samkvæmt umsókn til Fiskistofu, en vitnið tók fram að það hefði ekki ritað nafn sitt á skjalið og að ákærði hefði ekki haft heimild til þess. Þá staðfesti vitnið að fjármunir hefðu ekki borist til G. ehf. vegna sölunnar og hefði ákærði ekki haft heimild til að ráðstafa þeim annað. Spurt um skjal vegna flutnings krókaafhlutdeildar frá Sjóla HF-1 yfir á Pálínu Ágústsdóttur GK-1 samkvæmt umsókn til Fiskistofu svaraði vitnið á sama veg og áður. Það kvaðst ekki hafa haft vitneskju um flutninginn fyrr en eftir að rannsóknin hófst og kvaðst ekki hafa ritað nafn sitt undir skjalið. Vitnið sagði ákærða ekki hafa haft heimild til ráðstöfunarinnar og staðfesti að fjármunir hefðu ekki skilað sér til G. ehf. vegna viðskiptanna. Vitnið bar á sama veg um aðra flutninga krókaafhlutdeildar af skipum í eigu félaga vitnisins. Vitnið sagði ákærða hafa haft heimild til að leita tilboða vegna sölu á krókaafhlutdeild. Bærust tilboð varð að bera þau undir vitnið til samþykktar eða synjunar. Væri sala samþykkt kvaðst vitnið hafa ritað undir tilkynningu til Fiskistofu þar um. Ákærði hefði útbúið skjölin og komið með þau til vitnisins í eigin persónu eða faxes skjölin til vitnisins sem hefði þá annað tveggja komið með skjölin eftir undirritun til ákærða eða faxes þau til hans.

Þá greindi vitnið frá því aðspurt að ákærði hefði játað það fyrir vitninu á skrifstofu ákærða að Bæjarhrauni að hann hefði selt þær aflaheimildir sem um ræðir eða leigt og skýrt út af hverju veiðiheimildir vantaði. Hefði ákærði lýst því fyrir vitninu að hann skyldi ekki hvers vegna hann hefði gert þetta. Hvorki Y né ákærði hefðu endurgreitt þá fjármuni sem um ræðir. Loks svaraði vitnið því aðspurt að það hefði ekki fengið tilkynningar frá Fiskistofu um ráðstöfun aflaheimilda heldur hefði Fiskistofa sent þær beint til ákærða.

Vitnið B skýrði frá því að það hefði ekki komið að rekstri Y ehf. Vitnið sagði föður sinn eiga félögin G. ehf. og V. ehf. og hefði vitnið unnið hjá félögunum. Þá staðfesti vitnið undirritun sína á fylgiskjal með húsaleigusamningi sem vottur. Vitnið kvaðst ekki vera viss um hver hefði haft heimild til að taka ákvörðun um ráðstöfun á kvóta. Kvaðst vitnið halda að það hefði ekki haft heimild til að samþykka kaup, sölu eða leigu á aflaheimildum í eigu G. ehf. og hefði það ekki tekið slíka ákvörðun. Spurt um flutning krókaafhlutdeildar af Ingunni SH-312 yfir á Einar Hálfðans Ís-11 þann 1. október 2013 kvaðst vitnið ekki kannast við umsókn um flutninginn og hvorki hafa undirritað skjalið né samþykkt sölu á aflahlutdeildinni. Þrátt fyrir að hafa haft aðgang að bankareikningi ákærða kvaðst vitnið ekki hafa vitað að fjármunir þar væru tengdir

sölu aflaheimilda í eigu G. ehf. Það eina sem vitnið kvaðst vita um greiðslur inn á reikning ákærða frá Y ehf. var að það væru laun.

Vitnið D, stjórnarformaður D2 ehf., kvaðst aðspurt kannast við kaupsamning og afsal um Sjóla HF 1 og staðfesti að hafa ritað undir skjalið fyrir hönd Skarfakletts ehf. og undir umsókn til Fiskistofu um flutning aflaheimilda af Sjóla yfir á Guðmund á Hópi GK 203. Vitnið kvaðst ekki hafa átt samskipti við A vegna viðskiptanna, heldur við ákærða.

III

Eins og fram er komið er ákærði löggiltur skipasali og eigandi Y ehf. og auk þess framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins með prókúru þess. Ákærði sá um umsýslu með aflaheimildir fyrir félög vitnisins A sem átti sér stað á grundvelli tengsla ákærða við vitnið og á grundvelli fylgiskjals 1 með húsaleigusamningi sem var undirritaður 5. janúar 2010. Í 5. tölulið fylgiskjalsins kemur fram að Y ehf. muni annast leigu, kaup og sölu á kvóta fyrir A. Brot ákærða komu í ljós þegar A hugðist selja krókaaflaheimildir í eigu G. ehf. Við söluna kom í ljós að það magn sem félagið taldi sig eiga var ekki til staðar þar sem búið var að selja hluta af þeim án þess að A vissi af því. Í framburði A hjá lögreglu og fyrir dómi kom fram að ákærði hefði gengist við því að hafa selt þær aflaheimildir sem um ræðir og greint frá ástæðu þess. Þá skýrði vitnið ákvæði í fyrrnefndu fylgiskjali á þann veg að ákærði hefði haft heimild til þess að leita tilboða eða finna leigjendur að aflaheimildum, en vitnið kvaðst sjálfst hafa þurft að taka ákvörðun um slíka ráðstöfun og samþykkja hana.

Með bréfi 2. júlí 2014 fór A þess á leit við sérstakan saksóknara að hafin yrði rannsókn á ætluðum brotum ákærða. Taldi kærandi einsýnt að alvarleg refsiverð brot hefðu verið framin sem mikilvægt væri að upplýsa. Var meðal annars bent á umsóknir til Fiskistofu þar sem nafn kæranda hefði verið falsað. Þá voru í kærubréfinu rakin ýmis tilvik um tilfærslu krókaafhlutdeildar milli skipa án vitundar eða vilja kæranda.

Ákæruliður A.

Í þessum lið er ákærða gefinn að sök fjárdráttur með því að hafa í starfi sínu sem löggiltur skipasali og eigandi Y ehf. dregið sér í fjórum tilvika samtals 0,010246% af krókaafhlutdeild í þorski í eigu G. ehf. og selt án heimildar fyrir samtals að fjárhæð 27.123.346 krónur að meðtöldum sölulaunum og færslugjaldi. Komst ákærði yfir verðmætin þegar hann hafði umsýslu með krókaafhlutdeild í eigu G. ehf. sem skráð var á skip í eigu V. ehf. Segir í ákæru að ákærði hafi nýtt fjármunina í eigin þágu og í þágu Y ehf., eins og rakið er nánar í töluliðum 1-4 í

ákærulið A. Flutningur krókaafلامarks af skipum V. ehf. og yfir á önnur skip fór fram með umsókn um staðfestingu Fiskistofu á slíkum flutningi. Hefur ákærði í þeim fjórum tilvika sem ákært er út af kannast við skjölin og undirskrift sína á þau og jafnframt viðurkennt að hafa ritað nafn A, og eftir atvikum nafn B, á skjölin sem Fiskistofa staðfesti. Öðlaðist flutningur krókaafلامlutdeildar við það gildi og var endurgjaldið fyrir verðmætin þá lagt inn á bankareikning Y ehf.

Ákærði neitar sök. Í skýrslu hjá lögreglu bar ákærði að hann hefði séð um færslu aflahlutdeilda á milli skipa, einkum af Ingunni og Sjóla og yfir á önnur skip. V. ehf. væri skráður eigandi þeirra aflahlutdeilda sem um ræði. Lýsti ákærði því að hann hefði stofnað fyrirtæki sitt, [...], kvótasölu og séð um færslu á kvóta fyrir tengdaföður sinn, A, sem búsettur væri erlendis. Viðurkenndi ákærði að hafa ritað nafn A undir skjöl tengd færslum á kvóta milli skipa. Þá kom fram að endurgjaldið fyrir sölu hefði farið inn á reikning hjá félagi ákærða og „nánast meiri hlutinn af þessu var millifærður beint á minn reikning ...“ Fyrir dómi skýrði ákærði frá því að hann hefði ekki komið að rekstri félaganna G. og V. , en síðarnefnda félagið hefði verið eigandi að krókaafلامlutdeild sem um ræði. Benti ákærði á að Y og A hefðu gert með sér verksamning þar sem félaginu sem verktaka hefði verið falið að annast leigu, kaup og sölu á kvóta fyrir A sem verkkaupa. Á þeim grundvelli hefði ákærði starfað fyrir hönd Y og unnið innan þeirra heimilda sem Y ehf. hefði til að sýsla með aflaheimildir. Fullyrti ákærði að hann og A hefðu rætt um sölu krókaafلامlutdeilda og hefði A tekið ákvörðun um slíka sölu eða ákærði hefði annast um tilfærslur innan heimilda frá A. Vitnið A skýrði frá því fyrir dómi að þegar ákærði hefði hafið rekstur félagsins Y þá hefði vitnið fengið félaginu til afnota húsnæði og falið því að fara með verkefni sem til féllu, en ákærði hefði ekki haft heimild til að ráðstafa aflaheimildum án samþykkis vitnisins, en slík ráðstöfun á kvóta hefði alltaf verið borin undir vitnið sem eitt gat tekið ákvörðun um slíka ráðstöfun. Þá neitaði vitnið því að ákærði hefði heimild þess til að rita nafn vitnisins undir skjöl um tilfærslu aflaheimilda milli skipa.

Framburður ákærða um að hann hafi fært aflaheimildir af skipum í eigu V. ehf. á skip í eigu annarra útgerðaraðila innan þeirra heimilda sem Y hafði frá vitninu A er ótrúverðugur og engum gögnum studdur. Fyrir liggur að ákærði kannaðist við umsóknir til Fiskistofu sem hann fyllti út í starfi sínu sem löggiltur skipasali og framvísaði til Fiskistofu til staðfestingar. Um er að ræða staðlað eyðublað fyrir umsókn um staðfestingu á flutningi krókaafلامlutdeildar milli báta. Gerir eyðublaðið ráð fyrir að þinglýstur eigandi þess báts sem heimildin er flutt frá skrifum undir skjalið

og einnig að flutningur heimildarinnar öðlist ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann skriflega. Í þeim tilvikum sem ákært er fyrir liggur fyrir að ákærði ritaði nafn A undir umsóknina til Fiskistofu og var vitninu ókunnugt um ráðstöfunina og samþykkti hana ekki. Ákærði hefur á hinn bóginn kannast við að hafa ritað nafn vitnisins undir skjölin. Í starfi sínu sem skipasali hafði ákærði aðgang að skráðum aflaheimildum skipa þannig að hann gat fénytt sér slíkar heimildir og ráðstafað þeim með flutningi á önnur skip.

Að mati dómsins er sannað með framburði ákærða, vitnisins A og rannsóknargögnum málsins að ákærði dró sér alls 0,010246% af krókaafhlutdeild í þorski í eigu G. ehf. og seldi án heimildar fyrir 26.895.000 krónur. eru þá ekki meðtalin sölulaun og færslugjöld. Brotin framdi ákærði í starfi sínu sem löggiltur skipasali og eiganda skipasölnunnar Y ehf. Nýtti ákærði þá fjármuni sem tilgreindir eru í ákærulið A í eigin þágu og í þágu Y án þess að skila þeim til G. ehf. en krókaafhlutdeildir þær sem um ræðir voru skráðar á skip í eigu V. ehf. en bókfærðar sem eign G. ehf. Síðastnefndu félögin tvö eru í eigu A sem fól ákærða umsýslu með krókaafhlutdeild í eigu félags síns með skriflegu fylgiskjali með húsleigusamningi, dagsettu 5. janúar 2010, þar sem segir að Y ehf. annist sem verktaki leigu, kaup og sölu á kvóta fyrir A, en eins og áður er fram komið skýrði vitnið A hlutverk ákærða þannig að hann hefði haft heimild til að leita tilboða vegna sölu á kvóta sem vitnið varð sjálft að samþykkja. Þá hefði ákærða borið að ráðstafa söluandvirði kvótans inn á reikning G. ehf. Það gerði ákærði ekki eins og hann hefur sjálfur skýrt frá fyrir dómi og eins og rakið er í 1.-4. tölulið í A. lið ákærunnar var andvirði kvótans lagt inn á reikning Y ehf. og ráðstafaði ákærði fjármuninum í þágu reksturs félagsins að hluta, en hluta fjármunanna lagði ákærði inn á persónulegan bankareikning sinn. Andmælti ákærði því ekki að hafa nýtt þá fjármuni sem um ræðir í eigin þágu og í þágu Y ehf. sem hann sagði fyrir dómi að hefði staðið illa fjárhagslega á þeim tíma sem um ræðir.

Meðal málgagna er samantekt eða yfirlit yfir ráðstöfun þeirra fjármuna sem voru endurgjald fyrir ráðstöfun á krókaafhlutdeild í eigu G. ehf., samtals 28.358.135 krónur. Af þeirri fjárhæð var 21.808.135 krónum ráðstafað í þágu reksturs Y ehf., 5.950.000 krónum inn á bankareikninga ákærða og 600.000 krónum inn á bankareikning fyrrverandi eiginkonu ákærða. Skýringar ákærða lúta einkum að því að hann hafi ráðstafað krókaafhlutdeildinni með vitund og samþykki A og uppgjör eigi eftir að fara fram á milli Y ehf. og G. ehf. Slíkar skýringar ákærða fá ekki staðist, enda engum gögnum studdar, og eru með öllu haldlausar.

Með þeirri háttsemi ákærða að draga sér tilgreint hlutfall af krókaafhlutdeild í þorski í eigu G. ehf., selja og nýta söluandvirðið í eigin þágu og einkahlutafélagsins Y í eigu ákærða hefur ákærði gerst sekur um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er það hafið yfir skynsamlegan vafa og verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem tilgreind er í 1.-4. tölulið í A. lið ákærunnar. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga og verður ákærða gerð refsing fyrir brotið.

Ákæruliður B.

Í þessum lið ákærunnar er ákærða gefinn að sök fjárdráttur, en til vara umboðssvik, með því að hafa misnotað aðstöðu sína sem löggiltur skipasali og eigandi skipasölunnar Y ehf. þegar hann í þremur tilvika leigði án heimildar samtals 7.000 kg af krókaafلامarki og dró sér andvirði leigunnar, samtals að fjárhæð 1.234.789 krónur að meðtöldum sölulaunum og færslugjaldi. Segir að ákærði hafi haft umsýslu með krókaafلامarki í eigu G. ehf. sem skráð var á skip í eigu V. ehf. Er háttsemi ákærða nánar lýst í 1.-2. tölulið í B. lið ákærunnar.

Í framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi kom fram að hann kannaðist við þau tilvik sem tilgreind eru í ákærukaflanum og viðurkenndi að hafa leigt tilgreint krókaafلامark og ritað nafn vitnisins A á umsókn til Fiskistofu um staðfestingu á flutningum. Þá staðfesti ákærði að endurgjaldið hefði verið greitt inn á reikning Y ehf. og þaðan inn á persónulegan reikning ákærða. Vitnið A kannaðist á hinn bóginn ekki við að ákærði hefði haft heimild vitnisins til ráðstöfunarinnar og þá ekki að endurgjald fyrir slíka ráðstöfun væri lagt inn á reikning Y ehf. Kvaðst vitnið fyrst hafa komist að því í mars 2014 að endurgjald fyrir aflaheimildir í eigu G. ehf. hefði ekki runnið til félagsins.

Sannað er með framburði ákærða, vitnisins A og rannsóknargögnum málsins að ákærði dró sér alls 7.000 kg af krókaafلامarki í eigu G. ehf. og leigði án heimildar fyrir 1.225.000 krónur. Eru þá ekki meðtalin sölulaun og færslugjöld. Brotið framdi ákærði í starfi sínu sem löggiltur skipasali og eigandi skipasölunnar Y ehf. Nýtti ákærði þá fjármuni sem tilgreindir eru í B. lið ákærunnar í eigin þágu og í þágu Y án þess að skila þeim til G. ehf. en krókaafلامarkið sem um ræðir var skráð á skip í eigu V. ehf., en í eigu G. ehf. Bæði félögin V. og G. eru í eigu A sem fól ákærða umsýslu með krókaafلامarki í eigu félags síns. Hafði ákærði samkvæmt framburði vitnisins A eins og áður er fram komið heimild til að leita tilboða vegna sölu eða leigu á kvóta sem vitnið varð sjálft að samþykkja. Þá hefði ákærða borið að ráðstafa söluandvirði

kvótans inn á reikning G. ehf. Það gerði ákærði ekki eins og hann hefur sjálfur skýrt frá fyrir dómi og eins og rakið er í 1.-2. tölulið í B. lið ákærunnar var andvirði kvótans lagt inn á reikning Y ehf. og ráðstafaði ákærði fjármununum í þágu reksturs félagsins að hluta, en hluta fjármunanna lagði ákærði inn á persónulegan bankareikning sinn. Andmælti ákærði því ekki að hafa nýtt þá fjármuni sem um ræðir í eigin þágu og í þágu Y ehf. sem hann sagði fyrir dómi að hefði staðið illa fjárhagslega á þeim tíma sem um ræðir.

Svo sem rakið er við umfjöllun um A. lið ákærunnar liggur fyrir í málgögnum yfirlit yfir ráðstöfun þeirra fjármuna sem voru endurgjald fyrir ráðstöfun á krókaafhlutdeild í eigu G. ehf., samtals 28.358.135 krónur. Af þeirri fjárhæð var 21.808.135 krónum ráðstafað í þágu reksturs Y ehf., 5.950.000 krónum inn á bankareikninga ákærða og 600.000 krónum inn á bankareikning fyrrverandi eiginkonu ákærða.

Háttsemi ákærða samkvæmt B. lið ákæru er aðallega talin varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 249. gr. sömu laga. Samkvæmt fyrrnefnda ákvæðinu er refsivert ef maður tileinkar sér fjármuni sem eru í vörslum hans en eign annars, enda sé það gert á ólögmetan hátt og í auðgunarskyni. Brot gegn 249. gr. sömu laga felur á hinn bóginn í sér einhliða misnotkun á aðstöðu með ólögmetum hætti sem annar verður bundinn af. Heimild sú sem A veitti Y ehf. til sölu og eða leigu á kvóta með fylgiskjali því sem áður er nefnt fól að mati dómsins ekki í sér umboð til að ráðstafa krókaafلامarki í G. ehf. án vitundar og samþykkis fyrirsvarsmanns félagsins og undirritunar hans sjálfs á þau skjöl sem nauðsynlegt var að undirrita til að Fiskistofa gæti staðfest tilfærslu heimildanna á milli þeirra skipa sem um ræðir.

Með þeirri háttsemi ákærða að tileinka sér tilgreint hlutfall af krókaafلامarki í þorski í eigu G. ehf., leigja án heimildar og nýta andvirðið í eigin þágu og einkahlutafélagsins Y í eigu ákærða hefur ákærði gerst sekur um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er það hafið yfir skynsamlegan vafa og verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem tilgreind er í 1. og 2. tölulið í B. lið ákæru. Er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga og verður ákærða gerð refsing fyrir brotið.

IV

Ákærði er fæddur á árinu [...]. Samkvæmt sakavottorði hans hefur hann ekki áður sætt refsingu. Ákærði hefur gengist við því að hafa í starfi sínu sem löggiltur

skipasali og eigandi skipasölnunnar Y ehf. ráðstafað því hlutfalli af krókaafhlutdeild og krókaafلامarki í þorski, sem um getur í ákæru málsins, í eigu Z ehf. af skipum í eigu V. ehf. og nýtt fjármuni sem fyrir það fengust í eigin þágu og í þágu Y ehf. Þótt hann telji að það hafi ekki verið brot af hans hálfu. Ákærða var kunnugt um bága stöðu Y ehf. þegar hann framdi þau brot sem ákært er fyrir. Er ákærði sakfelldur fyrir fjárdrátt. Brot ákærða stóðu yfir í átta mánuði og voru einkar ófyrirleitin. Þá þykir ásetningur ákærða við brotin hafa verið einbeittur og brot hans stórfelld. Við ákvörðun refsingar verður litið til 2. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða voru kærð til sérstaks saksóknara í júlí 2014 og var rannsókn lögreglu lokið í lok nóvember sama ár. Ákæra var þó ekki gefin út fyrr en tveimur og hálfu ári síðar, eða í júní 2017. Verður ákærða ekki kennt um þann drátt sem varð á málinu fyrir útgáfu ákæru. Með hliðsjón af því sem nú hefur verið rakið þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Fært þykir í ljósi aðstæðna að skilorðsbinda refsingu ákærða. Skal fresta fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber ákærða að greiða allan sakarkostnað málsins. Verður ákærði dæmdur til að greiða þóknun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar lögmanns, vegna starfa hans á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykir hæfilega ákveðin 3.583.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kristín Ingileifsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar lögmanns, 3.583.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jón Höskuldsson